



Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Austurlandi, 17. maí 2024

Efni: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, SSA, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál og tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi, 899. mál.

Samtök sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) þakka fyrir tækifærið að skila inn umsögn um þau mikilvægu mál er lúta að nýtingu vindorku hér á landi og fagna því að komin sé fram stefna stjórnvalda í málinu enda löngu tímabært að skýra regluverkið í kringum uppbyggingu vindorkuvera.

SSA leggur til grundvallar svæðisskipulag Austurlands 2022-2044¹ en í því segir að við ákvörðun um nýtingu vatns, jarðhita og vinds til orkuframleiðslu verði sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði höfð að leiðarljósi og byggt á greiningu á orkukostum og mati á áhrifum nýtingar og orkuflutnings á umhverfi, efnahag og samfélag. Stuðlað verði að góðri orkunýtni.

Stjórn SSA fagnar því að lagt hafi verið í markvissa vinnu um stefnumótun er varðar uppbyggingu og nýtingu vindorku á Íslandi, þmt. vinnu starfshóps sem umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra skipaði 2022. Mikilvæg forsenda fyrirhugaðrar lagasetningar er að skapa frekara traust á því ferli sem rammaáætlun er og auka sátt um virkjunarkosti.

SSA tekur undir með Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppi, Múlaþingi og Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem leggja á það áherslu í sínum umsögnum að endanleg ákvörðun um það hvort virkjunarkostur rísi á tilteknum stað sé á **forræði viðkomandi sveitarfélags**, enda lykilatriði að slík starfsemi verði ekki byggð upp í sveitarfélagi í trássi við vilja sveitarstjórnar og íbúa þess. Fljótsdalshreppur leggur að auki til að leitað verði afstöðu sveitarfélags eða sveitarfélaga þar sem fyrirhugað er að reisa vindorkumannvirki þegar í upphafi málsmeðferðar um virkjunarkostinn, samkvæmt lögum nr. 48/2011.

SSA minnir á mikilvægi þess að sveitarfélög þar sem uppbygging vindorkuvera verður, **njóti raunverulegs og sanngjarns ávinnings af þeim mannvirkjum og starfsemi**, í formi skatta og gjalda. Stjórn SSA telur að afnema eigi undanþágur frá fasteignaskatti orkumannvirkja og að vel komi til greina að orku- og/eða auðlindaskattar renni til viðkomandi sveitarfélags, enda séu þau nærsamfélög orkuframkvæmda með öllu því raski og álagi sem þeim fylgi. Í þessu samhengi er rétt að benda á hlut Austurlands í verðmætasköpun Landsvirkjunar, sem í ár greiðir 30 ma.kr. í arð til ríkissjóðs, en gera má ráð fyrir að um 30% af heildar raforkusölu Landsvirkjunar hafi komið frá stærstu vatnsaflsvirkjun landsins, Kárahnjúkavirkjun. SSA tekur jafnframt undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og

¹ [Svæðisskipulag Austurlands](#)



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjarnarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · ssa@ssa.is · www.ssa.is

sveitastjórn Fljótsdalshrepps að hraða þurfi endurskoðun laga um skattlagningu orkuvinnslu í þessu sambandi.

Ljóst er að verði þingsályktunartillagan og frumvarpið samþykkt á Alþingi munu sveitarfélög gegna lykilhlutverki í tengslum við leyfisveitingar vegna vindorkuvera vegna skipulags á viðkomandi svæði, byggingarleyfa sem og framkvæmdaleyfi. Miklu skiptir að fyrirhugaðar breytingar á lögnum auki skilvirkni og skýri hlutverk þeirra sem koma að málsmeðferð rammaáætlunar. Í því sambandi bendir Samband íslenskra sveitarfélaga á mikilvægi þess að huga að endurskoðun á öðrum lögum og reglum, t.d. þurfi að skýra hvernig haga á samráði og ákvarðanatöku milli aðliggjandi sveitarfélaga, og tekur SSA undir þessa skoðun.

Fulltrúar SSA vænta þess að fá tækifæri til þess að hitta umhverfis- og samgöngunefnd og gera þar nánari grein fyrir áherslum Austurlands.

Fh. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri SSA